



56413

LANGISANDUR FYRIR ALLA

Langisandur á Akranesi býður þig velkominn.


Langisandur hefur verið þekkt útvistarsvæði á Akranesi í langan tíma, skjólsæl, náttúruleg baðströnd ásamt vinsælu göngu- og útvistarsvæði. Langisandur hefur bláfána. Hér er jafnframt íþróttasvæði og sundlaug Akraness á Jaðarsbökkum. Baðlaugin Guðlaug er nýr og spennandi áfangastaður við ströndina. Svæðið er hinsvegar ekki auðfundið og gönguleiðir óljósar þeim sem ekki þekkja vel til. Sólmundarhöfði og Leynisfjara bjóða upp á öðru vísi útivist, náttúruskoðun og rólegheit. Langisandur flaggar Bláfána og meðal annars er fylgst með vatnsgæðum og unnið að fræðsluverkefnum. Megin hugmyndin byggir á að auka sýnileika og yfirsýn um leið og unnið er að því að gera svæði aðlaðandi, spennandi og einstakt. Tillagan byggir á að styrkja og auka við núverandi notkun á Langasandi og gera svæðið öruggara, skemmtilegra og aðgengilegra fyrir alla. Hugmyndin byggir á litum og gleði, dvöl og hreyfingu; fjölbreytilegum möguleikum óháð aldri, kyni eða hreyfigetu. Jafnframt er unnið að því að gera svæðið heildsteypt þannig að það myndi eitt útvistarsvæði með aðdráttarafl fyrir margskonar mannlíf. Útvistarsvæðið er festi af samtengdum opnum svæðum til mismunandi nota með tengingu við sjóinn og ströndin sem megin stef.

Meginhugmyndin/tillagan byggir á megin fjórum þáttum:

- Gönguflæði / aðgengi
- Sjór / strönd
- Kennileiti / sýnileiki
- Opin svæði / afþreying

Aðkoma, aðgengi og gönguflæði.

Við aðkomu meðfram Innesvegi vekur bylgjulaga bekkur að sér athygli og leiðir gesti að nýrri aðalaðkomu Langasands. Bekkurinn er hugsaður sem kennileiti við aðkomu, hann er himinblár og frá íbúum séð er bylgjan hluti af ströndinni, tengir grænt útvistarsvæðið við sjóndeildarhringinn. Bekkurinn er listaverk sem býður upp á ótal möguleika og þjónar t.d. þeim tilgangi að vera setsvæði þegar fótboltaleikir eða mót eru á Jaðarsbökkum. Ný aðalaðkoma vestan íþróttahallar mætir gestum með bílatæðum og breiðri þægilegri gönguleið sem liggur beint niður á strönd, leiðin er aðgengileg öllum. Til hægri, við enda Íþróttahallar blasir við leik- og dvalarvæði sem dregur gesti inn á nýtt torg og baðstaðin Guðlaugu. Um allt svæðið eru gönguleiðir sem tengjast saman og mynda net eða mislangar hringleiðir. Stígurinn meðfram ströndinni er breiður og þjónar bæði gangandi og hjólandi. Vestast liggur steiptur stígur í rólegum halla niður á stönd og upp aftur að Guðlaugu, stígurinn er aðgengilegur öllum og auðveldar aðgengi að ströndinni. Við Sólmundarhöfða er sambærileg tenging niður á ströndina. Þrep og tröppur eru tengdar niður á strönd á fleiri stöðum og ýta þannig undir flæði og dreifingu. Brúin yfir nýju aðalaðkomuna að sandinum er nýtt kennileiti og gefur nýja yfirsýn yfir ströndina frá stígnum.



OPIN SVÆÐI OG AFÞREYING

Opin svæði á Langasandi verða mörg og margbreytileg. Hægt verður að stunda jaðariþróttir jafnfætis við slökun og hvíld. Við Aggatorg verður hægt að setjast niður og fá sér kaffi, ís eða bakkelsi og búið verður um útivelli þannig að auðvelt verður að setjast niður og fylgjast með sýnum nánustu. Opnu svæðin munu virka vel við öll tilefni, stór sem smá, þar sem fjöldi fólks getur komið saman allt árið um kring.

TENGLSL VIÐ SJÓ

Langasandur, sem ber vottun bláfanans er einstakur á landsvísu. Tillagan býður fólki að upplifa sjóinn og ströndina á marga vegu. Bátaleiga er komið fyrir við rampinn, þar sem hægt verður að leigja litla báta og blautbúninga fyrir byrjunðir jafnt sem lengra koman. Útsturtur verða tengdar nýjum rampi sem gerir sjóinn aðgengilegan fyrir alla. Spa og sána verður gerð í tengslum við Guðlaugu auk þess sem auðvelt verður að sóla sig á nýjum pöllum og hengirúmum.

GANGA MEÐFRAM VATNI OG AÐKOMA

Tillagan gerir ráð fyrir nýjum sterkum einkennum við Langasand. Nýr gönguás og rampur tengir Innessveg við sjávarmálið og ramma inn Merkjaklöpp undir göngubru. Einkennandi Skýli er kenndileiti og marka svæðið gegn hverfinu á móti.



SUNDLAUG

ÞRÓTTAHLÚÐ
BÚNINGSHERBERGI

MILLIBYGGING
AÐALANDDYRI

ELDRA HÚS
AFGREIÐSLA
BÚNINGSHERBERGI

SVÆÐI FYRIR BÍLASTÆÐI
TIL FRAMTÍÐAR

SUNDLAUGARSVÆÐI STÆKKAD

TIMBUR PALLAR

PUMP TRACK

SÆTI OG SVIÐ

PARKOUR VÖLLUR

ÆFINGARTÆKI

ÚTISVÆÐI AKRANESVÖLLUR

SKJÓL

- 1 - TÆKNIRÝMI
- 2 - GEYMSLA
- 3 - SNYRTINGAR
- 4 - BÚNINGSHERBERGI
- 5 - GÚFA
- 6 - SAUNA
- 7 - ÍSBÚÐ
- 8 - KAFFI
- 9 - BAKARÍ
- 10 - STODRYMI
- 11 - INNTÖK

GUDLAUG

SÓLPALLI





Sjór / strönd.

Tillagan byggir á auka og bæta tengingar við ströndina og sjóinn og mynda eitt útivistarsvæði. Vandaðar steyptar tröppur, steyptir stígar og steypt setþrep gefa fleiri og auðveldari möguleika á aðgengi að sjónum. Við nýju göngubrúna er möguleiki á leigusvæði fyrir kajaka, seglbretti eða hvað sem hugmyndaríku Skagamönnum dettur í hug. Unnið er að því að snerta sandinn í Langasandi sem minnst, eingöngu styrkja bakkann og bæta við dvalar og upplifunar möguleikum við og í bakkanum. Milli nýrrar aðalaðkomu við Merkjaklökk og Guðlaugar

er lagt til að vinna bakkan sem setþrep/ dvalarþrep og einskonar hengirúm úr netum með skírskotun í veiðarfæri og sjávarnytjar. Í Leynisfjöru er hægt að ganga „sjávarstíg“, timburbyggju, að stórum hluta flotbyggja sem breytist með sjávarföllum og gefur aukna möguleika á kennslu og sjávarlíffskoðun.



ÁSÝND Á NÝTT TORG VÍÐ GUÐLAUGU, HENGIRÚM Í
FORGRUNNI, NÝ MIÐASALA OG ENDURGERÐ STÚKA Í BAKGRUNNI



AÐKOMURAMPUR SEM RAMMAR INN
ÚTSÝNIÐ TIL MERKISLAPPAR OG SJÓSINS



ÁSYND Á NÝJAN RAMP AÐ ÚTISTURTUM SEM TENGIST
BÁÐUM MEGIN FRÁ




ÚTISTURTUR OG BRAUT MEÐ AÐGENGI
FYRIR ALLA AÐ SJÓ






ÁSÝND AÐ GUÐLAUG FRÁ SJÓ. ENDURGERÐ STÚKA MEÐ TIMBURKLÆDNINGU Í
BAKGRUNNI. SÓLPALLAR, HENGIRÍM OG NÝ MIÐASALA TIL HÆGRI




SNEIDING A-A Í RAMP



SNEIDING B-B VIÐ GÖNGUBRÚ


HJÓLASTÆÐI

BÍLASTÆÐI



RAMPUR OG GÖNGUBRÚ

SÆTI VÍÐ TORG





NÝIR BEKKIR OG GÖNGUGATA
MEÐ FRAM INNESVEGI

Kennileiti / sýnileiki

Skýlin.

Meðfram ströndinni er mynduð festi af litlum byggingum eða “Skýlum” sem nýjum kennileitum á leiðinni. Byggingarnar taka mið af Krossvíkurvita, litlar, litríkar og vekja forvitni. Kubbarnir eru afdrep og standa með ákveðnu millibili, mynda línu sem sveigist með Langasandi, Sólmundarhöfða og Leynisfjöru. Litirnir eru sterkir og ákveðnir og draga dóm af Krossvíkurvitanum eða litlu gömlu húsunum meðfram Suðurgötu, hafblá og fagurrauð afdrep sem auka við sýnileika og sjónrænar tengingar. Nýtt torg tengir nýbyggingu íþróttasvæðis við

Langasand, stúkan snýr nýrri framhlið að torginu og hýsir baðaðstöðu og þjónustu við Guðlaugu. Vandað yfirborð á torginu tengir nýja aðalaðkomu, íþróttamannvirki og aðstöðu við Guðlaugu á einfaldan og greinilegan hátt. Ný gönguleið niður á Langasand liggur undir brú á göngustígnum við Merkjaklöpp. Nokkurskonar manngerð framlenging á Merkjaklöpp, klöpp úr steypu teygir sig undir brúna og myndar setstalla og kanta sem styðja við nýja göngustíginn. Brúin er nýtt kennileiti, hlið niður í fjöru. Sérsmíðaðir timburbekkir dreifast um grassvæði Jaðarsbakka og meðfram gönguleiðinni við Langasand, bekkirnir eru



SKÝLI VIÐ LEYNISFJÖRU

fjölnota og geta nýst á marvíslegan hátt t.d. á íþróttaviðburðum. Á Sólmundarhöfða er Árnahús gert upp og verður er öðruvísi kennileiti, ögn falið og er hluti af byggðinni á Sólmundarhöfða. Við strandstíginn er Skýli með upplýsingum um fjöruna og fuglalífið. Í Leynisfjöru er timburbryggja sem breytist með sjávarföllum nýtt kennileiti og býður upp á rólegri nálgun við strönd og haf.



HORFT NIÐUR GÖNGUGÖT MILLI AKRANESVALLAR OG AKRANESHALLAR.
VIÐ STÓR TELEFNI VERÐUR HÆGT AÐ KOMA FYRIR MATARBÍLUM Á SKJÓLRÍKUM STAÐ

Opin svæði / afþreying

Lögð er til margskonar aðstaða til hreyfingar og leikja. Torgið býður upp á möguleika á torgsölu og matarvagna og aðstöðu á t.d. íþróttaviðburðum, Írskum dögum, sjósundmóti eða hvaðeina. Við enda íþróttahallar er leik- og dvalarsvæði með fullorðinsrólum, flóknum klifur grindvegg með rennibrautum, klifurtæki í hvallíki, ærslabelg og mismunandi æfingartækjum. Að ströndinni snýr setsvæðið úr neti og steiptum þrepum. Torgið tengir nýjar byggingar milli íþróttahallar og sundlaugar við ströndina og útvistarsvæðið. Ný aðkoma að strönd við Merkjaklöpp er fjölnota. Lítil

bygging sem t.d. gæti hýst sjávartengdan útbúnað er byggð inn í austurbakkan. Þak byggingarinnar getur þjónað sem svið fyrir tónleika og minni uppákomur og verður þannig til einstakt útileikhús þar sem gólfíð er síbreytilegt en sjórinn gengur upp inn undir brúna í háflæði. Vestan við Íþróttavöllinn er lögð til ný aðstaða fyrir parkour við „þyrlupallinn“ – gert úr steypu og stáli. Við „þyrlupallinn“ er einnig setsvæði og svæði fyrir varðeld. Rétt þar norðan við, við enda á áætluðu bílastæði íþróttasvæðis er Pump-track hjólabraut. Hér og þar við gönguleiðir meðfram Jaðarsbökkum og Sólmundarhöfða eru æfingartæki sem nýtast eldri borgurum.



NÝIR BEKKIR VIÐ AKRANESVÖLL


Eftir því sem lengra dregur frá Jaðarsbökkum er aðstaðan rólegri og við Sólmundarhöfða taka náttúruskoðun og rólegheit yfir. Í Leynisfjöru gefur bryggjan möguleika á að kíkja undir sjávarborðið með „sjávarkíkjum“ (seascope) sem öðru vísi nánd við hafið.



AFDREP Á GÖNGUSTÍG VI' SÓLMUNDARHÖFÐA



ELDRI HÚS ENDURGERÐ. LEIGÐ FYRIR RANNSKENDUR,
LISTAMENN OG RITHÖFUNDA



Skipulagsuppdráttur | 1:5000

Markmið ljósvistarhönnunarinnar verður að tryggja góða ljósvist sem því að skapa stemmingu. Allri lýsingu er beint niður til þess að draga auk þess sem pollar lýsa gönguleiðir meðfram strönd. Ljósgefjafar stað Fjölbreytt byggingarform meðfram strandlengjunni eru lýst innan f kennileiti þegar tekur að rökkva.




n gefur hlýlegt heildstætt yfirbragð og veitir góða öryggistilfinningu ásamt
úr ljósmengun. Ljósastaurar eru staðsettir meðfram göngu og hjólastígum
ðsettir undir handriðum lýsa út á gangleiðir, t.d. við tröppur og á göngubrú.
írá með litríkum ljósgjöfum sem skapa skemmtilega skugga og aðlaðandi

4M STAURAR MED LÖMPUM SEM

RGB LITALÝSING

POLLAR MEÐFRAM STRÖND



Grunnmynd og snið 1 -
Nótt | 1:200


Jöfn lýsing er á öllum göngu og hjólastígum. Á almennum stígum eru ljósastaurar en nær strandlengjunni eru pollar. Byggingarform eru lýst að innan með litalýsingu.

RGB LITALÝSING

4M STAURAR MED LÖMPUM SEM LÝSA Á
GÖNGU OG HJÓLASTÍGA


LÝSING UNDIR HANDRIÐUM Á TRÖPPU

POLLAR MEÐFRAM STRÖND




Grunnmynd og snið 2 - Nótt |
1:500


Lýsing undir handriðum vísar strandargestum vegin þegar tekur að rökkva.




Grunnmynd og snið 1 - Dagur |
1:200



Skýlin eru staðsett á og við göngustíga.
Þau eru gerð úr forsteyptum einingum
og lýst upp að innan á kvöldin.
Göngustígar verða steypfir með og
gerðir úr hvíttri steypu með skeljasandi.



Grunnmynd og snið 2 - Dagur | 1:500



Útirampur gengur frá aðalgönguás
og mætist hjá útisturtum. Hæsta
sjávarstaða flæðir upp að neðsta punkti
rampsins.



TILVÍSANIR

Langisandur fyrir alla hefur eitthvað í boði fyrir alla aldurhópa og fólk úr mismunandi áttum. Hægt er að slaka á, leika sér, stunda íþróttir, sækja sjóinn og eyða heilu dögnum í mismunandi afþreyingu. Efnisvalið vísar í sögu Akraness m.t.t. steypu og er valið vegna lágs viðhalds, endingar og umhverfissjónarmiða. Öll steypa sem notuð verður skal vera umhverfisvæn með lágmarks innihaldi af sementi.



